

30. nóvember 2007
SI-36597

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 19. nóvember 2007 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, mál 131.

Tilgangur frumvarpsins er að bregðast við niðurstöðu Hæstaréttar um að aðili sem kaupir þjónustu af starfsmannaleigu, beri ekki ábyrgð á að staðgreiðsla af launum starfsmanna leigunnar sé innt af hendi. Frumvarpið gerir ábyrgð þjónustukaupans ótvíræða.

Frumvarpið styrkir tekjuöflun íslenskra stjórnvalda með því að tryggja að skattlagningarheimildir íslenska ríkisins samkvæmt lögum nýtist íslenskum stjórnvöldum en ekki erlendum, og dregur úr líkum á að þær ónýtist vegna óskýrrar lögsögu. Frumvarpið lýtur þó tæplega að starfssviði Seðlabankans. Bankinn er ekki sérstaklega til þess bær að segja á því kost eða löst og tekur því ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri